



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Garðabær
Bæjarráð Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Kópavogur, 16. október 2015
1510002 HÁP

Varðar: Fjárhagsáætlun vegna svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins á árinu 2016

Stjórn SSH samþykkti á fundi sínum þann 12. október meðfylgjandi fjárhagsáætlun svæðisskipulags fyrir árið 2016 fyrir stjórn SSH. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2016 verður heildarkostnaður vegna svæðisskipulags um 23,5 mkr.

Fyrir utan að kostnaður við gerð nýs svæðisskipulags féll að hluta á árið 2015 eru helstu breytingar þessar:

- Fyrirkomulag nefndarlaun tekur breytingum. Miðað hefur verið við að þóknun fyrir setu í svæðisskipulagsnefnd sé 2% af þingfarakaupi fyrir hvern fund. Í fjárhagsáætlun er miðað við að þóknunin hækki í 3% af þingfarakaupi og gert sé ráð fyrir heldur færri fundum en síðustu ár eða 6 fundum yfir árið.
- Verðlags og launaþróun. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir 8% hækkun á launakostnaði og 5% hækkun á skrifstofukostnaði.

Skipting fjárhagsáætlunar svæðisskipulagsins er þessi:

Fjárhagsáætlun svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins	2016
Svæðisskipulagsnefnd	1.760.000
Svæðisskipulagsstjóri	9.850.000
Launatengd gjöld	1.660.000
Skrifstofukostnaður	5.250.000
Verkefnakostnaður	5.000.000
Samtals	23.520.000

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir 5 mkr. verkefnafé. Hluti þess fjármagns er til verkefna sem einnig eru hluti af sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015-2019. Annars er verkefna-áætlun svæðisskipulagsnefndar eftirfarandi:

Þróunaráætlun seinni hluti

0,5 mkr.

Ljúka þarf seinni hluta þróunaráætlunar í samræmi við ákvörðun svæðisskipulagsnefndar frá 17. apríl sl. Megin hluti verkefnisins verður unnin af skrifstofu SSH en þörf verður á aðkeyptri sérfræðiaðstoð við greiningarvinnu.

Kortasjá

1,5 mkr.

Lifandi kortagrunnir er einn lykilþátturinn í eftirfylgni svæðisskipulagsins. Verkefnið er í samræmi við markmið 6.1 og aðgerð 6.1.2. Megin þungi þess verður unnin á skrifstofu SSH en þörf er á aðkeyptri sérfræðiaðstoð við vinnslu kortagagna og uppsetningu á vef.

Mælaborð

1,0 mkr.

Mælaborð er annar lykilþáttur í eftirfylgni svæðisskipulagsins. Verkefnið er í samræmi við markmið 6.1 og aðgerð 6.1.3. Í sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015 er gert ráð fyrir fjárframlagi í verkefnið frá sóknaráætlun sem mun standa undir því að mestu. Gera þarf ráð fyrir viðbótarframlagi frá svæðisskipulagi til að ljúka sérstaklega þeim þáttum sem snúa að árangursmati svæðisskipulagsins.

Borgarlína, seinni hluti

2,0 mkr.

Nýtt hágæða almenningssamgöngukerfið er hryggjastykkið í svæðisskipulaginu. Fyrri hluti verkefnisins fólst í að greina mögulegar leiðir milli sveitarfélaga og var fjármagnaður í gegnum sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2014. Seinni hluta verkefnisins er fjármagnað að mestu úr sóknaráætlun einnig er gert ráð fyrir verkefnafé frá svæðisskipulagi og öðrum hagsmunaaðilum.

Sá kostnaður sem fellur á hvert sveitarfélag miðast við hlutfallsskiptingu íbúafjölda í upphafi árs 2015. Aðildarsveitarfélögin þurfa því að gera ráð fyrir sinni hlutdeild í þessum kostnaði við gerð fjárhagsáætlana sinna fyrir árið 2015 í samræmi við neðangreinda skiptingu:

Tillaga miðað við stærð sveitarfélaga 1. jan 2015	2016
Reykjavík (57,7%)	13.571.040
Kópavogur (15,7%)	3.692.640
Seltjarnarnes (2,1%)	493.920
Garðabær (6,8%)	1.599.360
Hafnarfjörður (13,2%)	3.104.640
Mosfellsbær (4,4%)	1.034.880
Kjósarhreppur (0,1%)	23.520
	23.520.000

Gert er ráð fyrir að greiðsla sveitarfélaganna verði tvíþætt:

a) Rekstrarkostnaður verður innheimtur mánaðarlega.

b) Verkefnakostnaður verði greiddur sem eingreiðsla í upphafi árs í samræmi við ákvæði í starfsreglum svæðisskipulagsnefndar.

Virðingarfyllst,



Hrafnkell Á. Proppé
svæðisskipulagsstjóri

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026